



SAVANNA TRÍÓIÐ

SÝNING
Í TÍLEFNI AF 60 ÁRA AFMÆLI
OPNUÐ 7. APRÍL 2022



Troels Bendtsen hafði snemma áhuga á þjóðlagatónlist, hlustaði á útvarpsþætti í Kananum og keypti plötur erlendis. Þetta varð honum áhugamál. Þegar dró nær nemendamóti Verzlunarskólans í febrúar 1962 réðst hann í að setja saman söngsveit til að troða þar upp og syngja kúrekalög.

Gítarleikur flokksins var kannski ekki upp á marga kúrekahatta svo Björn Björnsson var sóttur í MR með sinn forláta Gibson gítar og ráðinn á staðnum.

Fimm lög úr söngbók Kingston tríós voru nú æfð í þaula og flutt á nemendamótinu í Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll undir yfirskriftinni „Nokkrir piltar leika og syngja“ við talsverðan fögnuð.

Nú var kyrrt um hríð, en Troels vildi fylgja þessum árangri eftir og boðaði flokkinn til æfingar. Björn tók þá ákvörðun að taka sessunaut sinn í MR með sér á æfinguna, en sá var margreyndur músíkant úr Keflavík, Þórir Baldursson.

Leikar fóru þannig að fjórum var sagt upp í hljómsveitinni og Þórir ráðinn í staðinn sem segir allnokkuð um afl hans og getu á tónlistarsviðinu, þá sem nú. Hér var þá kominn saman sá flokkur sem ákvað að reyna frekar við verkefnið.

Var nú unnið skipulega að lagavali og æfingum. Þórir var öflugur á tónlistarsviðinu, útsetti og raddsetti og stýrði æfingum. Mikið jafnræði ríkti ævinlega í hópnum en verkaskipting eingu að síður skýr; Troels var framkvæmdastjórinn,

sá um bókanir og fjármál, en Björn hélt uppi spjalli á milli laga og kynnti prógrammið.

Sungið var á nokkrum stöðum og komið fram í útvarpi og fyrstu ummæli í blöðum birtust í mars og apríl 1962. Pétur Pétursson útvarpsmaður var þá í umboðsmennsku fyrir skemmtikrafta, sá um fyrstu bókanir tríósins og útvegaði lán til að kaupa hljóðfæri og sauma rauðar silkiskyrtur og samræmdan fatnað.

Á nýársdag 1963 kom Savanna tríó svo fram í fyrsta sinn með fullæfða og vandaða dagskrá og söng fimm sinnum þetta frumsýningarkvöld, fyrst í Grillinu á Hótel Sögu, sem þá var nýbyggð. Þar sat Jón Leifs tónskáld að snæðingi með sínu fólki. Atriðið var kynnt þannig að nú myndi þetta nýja tríó syngja nokkur þjóðlög.

Flutningurinn gekk vel og að honum loknum var umrætt tríó á leið úr húsi. Kom þá þjónn með silfurbakka með samanbrotinn miða. Á honum stóð: „Þjóðlög? Jón Leifs.“

Með þessa fyrstu gagnrýni tónskáldsins hélt tríóið áfram för sinni um bæinn að skemmta þjóðinni við góðan orðstír og hélt því áfram allt til 6. apríl 1965 að sungið var á samkomu í síðasta sinn.






Framundan voru þó ærin verkefni, s.s. upptökur á hljómplötum og gerð 6 fyrstu skemmtipáttanna í íslensku sjónvarpi, en sá fyrsti var á dagskrá á opnunarkvöldi sjónvarpsins 30. september 1966.

Alls starfaði Savanna tríóið í fimm ár en svo héldu þeir félagar hver í sína áttina.

Í tilefni þess að nú eru liðin 60 ár frá upphafi þessa ævintýris afhendir Savanna tríóið gögn sín og myndasafn Tónlistarsafni Íslands í Landsbókasafni til varðveislu.



Sýningin er sett upp í samstarfi við Savanna tríóið, Björn G. Björnsson, Troels Bendtsen og Þóri Baldursson. Höfundur texta: Björn G. Björnsson
Umsjón af hálfu Tónlistarsafns: Bjarki Sveinbjörnsson og Jón Hrólfr Sigurjónsson.
Hönnun sýningar: Ólafur J. Engilbertsson
7. apríl 2022